

Úttekt á leikskólanum Garðaseli 2010

Unnin fyrir mennta og menningarmálaráðuneytið



Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir og
Svava Bernhard Sigurjónsdóttir

© Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir, Svava Bernhard Sigurjónsdóttir, 2010
Úttekt á leikskólanum Garðaseli, Akranesi
Attentus – Mannauður og ráðgjöf (www.attentus.is)

Efnisyfirlit

Heildarmat.....	5
Formáli.....	6
1. Inngangur.....	7
1.2. Gagnaöflun.....	7
2. Leikskólinn.....	8
2.1. Áherslur og stefna leikskólans.....	8
2.2. Rekstur og stjórnun.....	9
2.3. Starfsandi og skólabragur.....	10
2.4. Skólaþróun.....	11
2.5. Lög og reglugerðir.....	12
2.6. Húsnæði og aðbúnaður.....	13
2.7 Mat úttektaraðila.....	14
3. Skólanámskrá leikskóla.....	16
3.1. Skólanámskrá leikskólans Garðasels og tengsl við Aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu sveitarfélags.....	16
3.2. Áhersla á tiltekna þætti.....	17
3.3 Hugmyndafræði.....	18
3.4. Sérstakar námskrár og sérstaða skólans.....	18
3.5. Endurskoðun námskrár, þátttaka og áhrif.....	19
3.6 Uppeldi og kennsla.....	20
3.7 Tengsl skólastiga.....	20
3.8 Mat úttektaraðila.....	20
4. Náms svið og námsþættir aðalnámskrár.....	22
4.1.Hreyfing.....	22
4.2. Málrækt.....	22
4.3. Myndsköpun.....	23
4.4. Tónlist.....	23
4.5.Náttúra og umhverfi.....	23
4.6. Menning og samfélag.....	24
4.7. Mat úttektaraðila.....	24
5. Dagskipulag og innra starf á leikskólanum.....	25
5.1. Hópatímar.....	25
5.2. Valtímar / Frjáls leikur.....	25
5.3.Leikefni og efniviður.....	26
5.4 Mat úttektaraðila.....	26
6. Innra mat.....	27

6.1. Fyrirkomulag og framkvæmd	27
6.2. Umbætur á grundvelli sjálfsmats	28
6.3 Mat úttektaraðila	28
7. Mannauður	29
7.1. Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun.....	29
7.2. Verkaskipting og starfslýsingar	29
7.3. Starfsþjálfun og símenntun	30
7.4. Fundir og boðskipti	30
7.5. Jafnrétti	31
7.6. Mat úttektaraðila	31
8. Börn.....	32
8.1. Líðan	32
8.2. Lýðræði	32
8.3. Jafnrétti	32
8.4. Samskipti við starfsfólk	33
8.5. Mat úttektaraðila	33
9. Foreldrar.....	34
9.1. Foreldraráð.....	34
9.2. Foreldrafélag	34
9.3. Lýðræði og þátttaka	34
9.4. Lýðræði.....	35
9.5. Samskipti heimilis og leikskólans.....	35
9.6 Mat úttektaraðila	36
10. Sérkennsla barna og Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins.....	37
10.1. Sérkennsla og sérþarfir barna.....	37
10.2. Eftirfylgni í framhaldi af greiningu.....	37
10.3 Samstarf við heilsugæslu og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins.....	37
10.4. Mat úttektaraðila	38
11. Mat og eftirlit sveitarfélagsins	39
11.1. Áherslur sveitarfélagsins.....	39
11.2 Framkvæmd ytra mats og tengsl við sjálfsmat leikskólans	40
11. 3 Mat úttektaraðila	40
12. Niðurstöður	41
13. Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri	42
14. Tillögur til úrbóta.....	42
Heimildaskrá	43
Viðauki - Dagskipulag	44

Heildarmat

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Garðaseli, Akranesi. Í verksamningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Attentus, mannauður og ráðgjöf í október 2010, kemur fram að „*leggja skal mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gera þarf grein fyrir því hvernig innra mat skólans og ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins nýtist leikskólanum*“. Úttektin beindist sérstaklega að tengslum aðalnámskrár við skólanámskrá skólans og framkvæmd bæði aðalnámskrár og skólanámskrár í daglegu starfi.

Úttektin leiðir í ljós að mjög faglegt starf fer fram á Garðaseli. Leikskólinn uppfyllir kröfur aðalnámskrá um skólanámskrá, námssvið og námsspætti. Stjórnskipurit liggur fyrir, verkaskipting innan leikskólans er skýr og meirihluti starfsmanna er fagmenntaður og með langan starfsaldur. Stefna, markmið og gildi leikskólans eru skýr og hafa skilað margvíslegum ávinningi. Leikskólinn hefur unnið að ýmsum þróunarverkefnum með góðum árangri. Kerfisbundið sjálfsmat fer fram í leikskólanum, skólanámskrá er til staðar en skólastefna sveitarfélagsins hefur ekki verið mótuð. Aðgerðaráætlun tengd innra mati liggur fyrir. Samstarf við fræðslunefnd er mjög gott kemur hún að mati á skólastarfinu og viðhorfi foreldra og starfsmanna.

Styrkleikar Garðasels liggja m.a. í heilsustefnu skólans, góðri stjórnun og skýrri verkaskiptingu, skólanámskrá, þróunarstarfi, faglegri umræðu um skólastarfið, hlutfalli réttindakennara við leikskólann, löngum starfsaldri starfsmanna, markvissu innra mati, upplýsingaflæði og foreldrasamstarfi.

Helstu veikleikar Garðasels liggja m.a. í að skólastefna sveitarfélagsins liggur ekki fyrir, starfsmönnum finnst of lítið leikrými á hvert barn í leikskólanum, lítið flæði á milli deilda, börnin eiga ekki nægilegan þátt í ákvörðunum og lítilli símenntun á vegum leikskólans á árinu vegna sparnaðar sveitarfélagsins, en starfsmenn eiga sinn kvóta í endurmenntunarsjóði.

Höfundar telja að ákveðin hættu geti verið fólgin í stöðnun varðandi verkferla í leikskólanum vegna langs starfsaldurs starfsmanna, en með virkri upplýsingamiðlun, góðri stjórnun og stöðugri þróunarvinnu er hægt að koma í veg fyrir hana. Stjórnendur og starfsmenn þurfa að vera vakandi yfir þessum áhættuþætti, t.d. með stöðugu rýni ferla og gagna. Aðgerðir sem höfundar leggja til eru m.a. að skólastefna Akraneskaupsstaðar verði útbúin sem fyrst í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur, vinnuferlar leikskólans ræddir reglulega og endurskoðaðir og aukin verði aðkoma barnanna í mati á leikskólanum.

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Garðaseli, Akranesi. Úttektin er unnin á vegum Attentus – mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir og Svava Bernhard Sigurjónsdóttir.

Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum Garðasels, starfsfólki, foreldrum, nemendum og fulltrúum sveitarfélagsins fyrir góðar móttökur, aðstoð við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 17. desember 2010.

Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir og Svava Bernhard Sigurjónsdóttir

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leiksskólanum Garðaseli. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni skal m.a. leggja mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólans auk þess sem gera þarf grein fyrir því hvernig innra mat skólans og ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins nýtist leiksskólanum¹

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf, Ingunni Björk Vilhjálmisdóttur og Svövu Bernhard Sigurjónsdóttur að gera úttekt á námi í leiksskólanum. Í þessari skýrslu er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum. Síðan er gerð grein fyrir starfsemi Garðasels og niðurstöðum úttektar og gerð grein fyrir styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum eru tillögur til úrbóta og samantekt á niðurstöðum.

1.2. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra, sérkennslustjóra, kennara, starfsmenn, nemendur, foreldra, framkvæmdastjóra Fjölskyldustofu, formann fjölskylduráðs og verkefnastjóra fjölskyldustofu. Hvert viðtal tók að meðaltali eina klukkustund og fór fram í leiksskólanum. Markmiðið með viðtölunum var að fá viðhorf mismunandi aðila á starfi leikssólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Auk ofangreindra viðtala, funda og vettvangsskoðunar byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, skólanámskrá Garðasels auk gagna um starfsemi leikssólans (sjá nánar í heimildaskrá).

¹ Úr erindisbréfi til úttektaraðila 8.10.2010

2. Leikskólinn

Leikskólinn Garðasel er þriggja deilda leikskóli sem var stofnaður 1. september 1991. Fjöldi barna í leikskólanum árið 2010 er 73. Fjöldi starfsmanna eru 22.

2.1. Áherslur og stefna leikskólans

Leikskólinn er **heilsuleikskóli** og vinnur eftir heilsustefnu þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á hreyfingu og holla næringu, gæði í samskiptum og listsköpun í leik og starfi. Helstu áherslur og stefna leikskólans er heilsustefna og lífsleikni / dyggðanám².

Í stefnukorti Garðasels birtist meginmarkmið og áherslur í stefnu leikskólans og taka þau mið að hlutverki hans og framtíðarsýn.

- **Markmið** leikskólans er að búa börnum og starfsfólki öruggt og þroskandi umhverfi í leik og starfi með hlýju og virðingu að leiðarljósi.
- **Gildi** leikskólans eru virðing, traust og gleði.
- **Einkunnarorð** leikskólans er “Lífið er leikur”.³

Við stofnun Garðasels var lögð áhersla á endurvinnslu og skapandi starf í mótun stefnu fyrir leikskólann. Við endurmat skólanámskrár árið 2002 var farið yfir stefnu leikskólans og var það niðurstaða starfsmanna að ekki væri verið að sinna endurvinnslu umfram það sem eðlilegt gat talist. Því var ákveðið að breyta um áherslur. Í starfsmannahópnum var og er mikill áhugi fyrir heilbrigði einstaklingsins og næringu og því var tekin ákvörðun um að Garðasel yrði heilsuleikskóli. Leikskólinn naut liðsinnis Landlæknisembættisins í formi úttektar við mótun stefnunnar. Allir starfsmenn leikskólans komu að ákvörðun um val á stefnu fyrir leikskólann og tóku þátt í mótun hennar. Unnið er eftir heilsustefnu þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á hreyfingu og holla næringu, gæði í samskiptum og listsköpun í leik og starfi. Vellíðan starfsmanna er einnig mikilvægur þáttur í starfi skólans. Leiðir skólans til að nálgast þessar áherslur eru í gegnum hreyfingu, heilbrigði og hollt mataræði, skapandi starf en ekki síst með gæðum í samskiptum. Garðasel var þriðji leikskólinn á landinu til að hljóta viðurkenningu sem heilsuleikskóli í júní 2004. Síðan þá hefur leikskólinn tekið þátt í stofnun og uppbyggingu Samtaka heilsuleikskóla, tekið þátt í endurmati og endurskoðun á heilsubók barnsins en stefnt er að því að ný heilsubók verði gefin út ásamt handbók kennara 4. nóv. 2010. Leikskólinn hefur einnig komið að endurmati á viðmiðum heilsustefnunnar. Að auki

² Handbók Garðasels, bls. 10-11.

³ Handbók Garðasels, bls. 12.

byggir starf leikskólans á skólanámskrá Garðasels, deildarnámskrám sem gerðar eru fyrir hverja deild og mánaðalegum námsáætlunum þar sem ítarlega er farið yfir það hvaða áherslupætti vinna á með hverju sinni og hvaða leiðir eru farnar til að ná fram settum markmiðum. Megináherslan er að koma til móts við þarfir allra barna í leikskólanum og hver og einn sé metinn að eigin verðleikum.

Einkunnarorð Garðasels er **Lífið er leikur** og með því er lögð áhersla á að barnæskan á að vera ævintýri sem skemmtilegt er að taka þátt í. Lögð er áhersla á leikinn í allri sinni mynd og hann settur í öndvegi, því leikurinn felur í sér nám⁴.

Akraneskaupstaður hefur ekki mótað sér skólastefnu en tengsl milli stefnu sveitarfélagsins og stefnu leikskólans koma m.a. fram í samstarfi leik- og grunnskólans *Brúum bilið* og samstarfi sérkennslustjóra í bæjarfélaginu. Að mati skólastjórnenda hafa þeir frelsi til að velja áherslupætti og fá tækifæri til að sérhæfa sig⁵.

2.2. Rekstur og stjórnun

Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu⁶

Á Akranesi starfar fjölskylduráð sem fer með málefni leikskóla Akraneskaupstaðar. Framkvæmdastjóri Fjölskyldustofu starfar með ráðinu og ber ábyrgð á að samþykktum þess og að ákvörðunum sé hrint í framkvæmd. Framkvæmdastjóri fjölskyldustofu situr fundi fjölskylduráðs og hefur málfrelsi og tillögurétt. Hann ber ábyrgð á stjórn og rekstri þeirra verkefna og málaflokka sem undir hann heyra s.s. fjármál, starfmannamál og framkvæmd ákvarðana fjölskylduráðs. Akraneskaupstaður er rekstraraðili leikskólans Garðasels. Leikskólar á Akranesi falla undir Fjölskyldustofu og er framkvæmdastjóri hennar yfirmaður leikskólanna.

Garðasel starfar samkvæmt lögum um leikskóla, reglugerða um starfsemi leikskóla og aðalnámsskrá leikskóla. Verklagsreglur um starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar hafa það meginmarkmið að skilgreina þær starfsreglur sem gilda um inntöku barna í leikskóla, m.a. úthlutun, aldursviðmið og forgang og tryggja þannig jafnræði og gegnsæi verkferla. Opnunartími er tilgreindur í reglugerðinni og hvaða dvalartímar eru í boði ásamt því að tilgreina að öll börn skuli taka 4 vikna samfelld sumarfrí.

⁴ Ársskýrsla Garðasels 2008-2009, bls 6.

⁵ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

⁶ Lög um leikskóla, nr. 90/2008, 5.gr.

Reglugerðin tilgreinir þau viðmið sem eiga við varðandi afslátt og lægri gjöld⁷. Hægt er að vísa ágreiningsmálum varðandi verklagsreglurnar til Fjölskylduráðs. Garðasel hefur ávallt staðist rekstraráætlanir og hefur hlotið viðurkenningu frá sveitarfélaginu fyrir góðan rekstur⁸.

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir rekstri og faglegu starfi leikskólans. Yfirmaður leikskólastjóra er framkvæmdastjóri Fjölskyldustofu. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra og sinnir því starfi í 20% starfshlutfalli.⁹ Skipurit leikskólans liggur fyrir í Handbók Garðasel. Á leikskólanum eru starfandi 3 deildarstjórar, hópstjórar bera ábyrgð á sínum hópum, mæla árangur barnanna og taka foreldraviðtöl með stuðningi deildarstjóra ef þarf.

Stjórnunarhættir eru með þeim hætti að haldnir eru starfsmannafundir, deildarstjóra- og deildafundir og er lögð áhersla á að skil fundagerða. Að sögn skólastjórnenda skipuleggur leikskólastjóri allar afleysingar, starfsmannapóstur er gefin út einu sinni í mánuði, mánaðadagatal er gefið út bæði fyrir starfsmenn og foreldra. Allir starfsmenn eru með netfang og heimasíðan inniheldur allt það sem máli skiptir varðandi leikskólann og er uppfærð reglulega¹⁰.

Lagt er mat á stjórnun í sjálfmati en að sögn skólastjórnenda leggur leikskólinn árangursmiðað stefnumat fyrir starfsmenn á hverju ári. Matið hefur verið lagt fyrir tvö ár í röð. Akraneskaupstaður leggur einnig könnun fyrir starfsmenn leikskólans annað hvert ár.¹¹

2.3. Starfsandi og skólabragur

Garðasel leggur áherslu á ákveðin leiðarljós í samskiptum þeirra sem koma að málum leikskólans þ.e. starfsfólk, börn og foreldrar. Að mati skólastjórnenda er lögð áhersla á málefni en ekki persónur og að mikilvægt sé að ræða við fólk en ekki um fólk. Meginmarkmiðið sé að börnin verði jákvæð og sjálfstæðir einstaklingar og að leikskólinn skili þeim þannig frá sér. Unnið er eftir dyggðum og er dyggðanámið rauður þráður í gegnum allt starf leikskólans. Virðing, samkennd og lausnamiðað umhverfi og samskipti ganga þvert á starfsmannahópinn og til foreldra. „Við leggjum áherslu á að andrúmsloftið verði þannig að við treystum foreldrum til að taka

⁷ Handbók Garðasels, bls. 8.

⁸ Rýnifundur Fjölskylduráðs Akraneskaupsstaðar, 16.nóvember 2010.

⁹ Handbók Garðasels, bls. 17.

¹⁰ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

¹¹ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

ákvarðanir”¹². Starfsmenn leggja mikla áherslu á að gleði og virðing einkenni samskipti á leikskólanum þar sem jafnræði og lýðræðisleg vinnubrögð ríki og allir beri ábyrgð. Að mati skólastjórnenda og deildarstjóra er lögð áhersla á jákvæðan og uppbyggjandi aga þar sem einstaklingum má mistakast. Mikið hefur verið rætt um leiðréttu hegðun og telja skólastjórnendur að sú umræða hafi skilað mjög miklu. Leikskólinn hefur verið að kynna sér *Uppeldi til ábyrgðar* og rýnt í hvernig laga megi þá uppbyggingarstefnu að leikskólastarfinu. Að mati skólastjórnenda er stuðlað að góðum starfsanda í starfsmannahópnum með því að skilgreina ábyrgð hvers og eins og reyna að eyða stéttaskiptingu þ.e. allir taka þátt, hafa áhrif og segja frá¹³.

Starfsmenn benda á að starfsandinn sé á jafningjagrunni og að þeir hafi áhrif í málum er varða leikskólann, fá að segja hlutina og það sé komið til móts við þá og reynt að leysa málin ef kostur er¹⁴. Áhrif barna á leikskólastarfið er ekki sérstaklega skilgreind að mati skólastjórnenda og starfsmanna, það sé helst á eldri deildum og fari að einhverju leiti eftir starfsmönnum hve mikinn þátt börnin eiga í ákvörðunum. Fylgst er með starfsanda á leikskólanum í stefnumiðuðum starfsmannasamtölum og könnunum bæði meðal foreldra og starfsfólks. Akraneskaupstaður gerir svo stóra könnun annað hvert ár.

2.4. Skólaþróun

Við mótun skólanámskrár Garðasels var í upphafi lögð áhersla á endurvinnslu og skapandi starf en við endurmat á námsskránni 2004 var stefnan sett á heilsuleikskóla. Þróunarvinna tók langan tíma að sögn skólastjórnenda og tóku allir starfsmenn þátt í mótun stefnunnar. Lögð var áhersla á mikilvægi hreyfingar og var ráðinn verkefnastjóri til tveggja ára til að byggja upp skipulagða hreyfingu fyrir leikskólann. Í dag er þetta grunnurinn sem hreyfistarfið byggir á en það er svo aðlagð eftir þörfum. Leikskólinn tók þátt í stofnun Félags Heilsuleikskóla, hann kemur að endurskoðun og breytingum á viðmiðum heilsustefnunnar og tekur þátt í gerð nýrrar heilsubókar¹⁵.

Leikskólinn tók upp gerð námsáætlana fyrir hverja deild og gilda þær í einn til tvo mánuði í senn. Stór hluti starfsmanna leikskólans er fagmenntaður og til þess að nýta mannauðinn sem best var börnunum skipt í minni hópa þar sem hver hópur hefur sama hópstjóra sem á að vita allt um hópinn sinn og bera ábyrgð á áætlanagerð, börnunum og foreldrasamstarfi. Að mati skólastjórnenda skapar þetta mikla festu í starfinu og hægt er að gera meiri kröfur til starfsmanna. Tekist hefur mjög vel að

¹² Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

¹³ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

¹⁴ Viðtal við starfsmenn, 16.nóvember 2010.

¹⁵ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

festu þróunarverkefni í sessi og enn er verið að bæta og þróa starfið. T.d. var danskennari fenginn tímabundið til að kenna dansa, gönguferðir eflingar og sundkennslu bætt inn. Framundan er að kynna sér stefnuna *Uppeldi til ábyrgðar* og laga hana að því starfi sem fram fer á leikskólanum og vinna að eflingu útikennslu.¹⁶

Leikskólinn leggur áherslu á að hafa sveigjanleika „*Við þurfum að geta hreyft okkur og breytt ef það hentar barnahópnum. Hvernig við vinnum með börnin. Okkur langar að efla félagsfærni barnanna, jákvæðan aga og draga úr erfiðri hegðun*“.¹⁷

2.5. Lög og reglugerðir

Helstu breytingar sem innleiðing nýrra laga og reglugerða hefur haft á starfsemi leikskólans er stofnun foreldraráðs og að kynna sér hlutverk þess og skyldur. Upplýsingarskil milli leik- og grunnskólans er eins og hún hefur verið ef frá er talið að nú þarf ekki að afla samþykkis foreldra vegna flutnings gagna milli skólastiga. Ekki hefur reynt á að leita þurfi eftir sakarvottorði vegna nýrra starfsmanna þar sem starfsmannaveita er lítil sem engin, ekki hefur reynt á svigrúm um barnafjölda og sérkennslan er í ákveðnum farvegi hjá sveitarfélaginu. Að mati skólastjórnenda hafa ný lög og reglugerðir ekki aukið eða orðið til aukins kostnaðar á leikskólanum en hagræðingaraðgerðir í kjölfar hrunins hafa skilað sér inn í starfið. Leikskólastjóri bendir á að leikskólinn hafi farið niður að þölmörkum varðandi veikindaafleysingu, viðhaldskostnaður hafi verið skorinn niður og settur í miðstýringu sem olli því að sækja þurfti um allt og bíða í langan tíma vegna þess að boðleiðir voru svo langar¹⁸.

Að mati starfsmanna fækkaði starfsmannafundum og samráð minnkaði. Endurmenntun á vegum leikskólans var skorin niður, en starfsmenn eiga sinn endurmenntunarsjóð sem þeir eru hvattir til að nýta sér. Einnig voru innkaup minnkuð. Verið er að taka á mörgum þessara þátta í nýrri fjárhagsáætlun. Að mati skólastjórnenda og starfsmanna hafa hagræðingaraðgerðirnar ekki komið niður á innra starfi leikskólans og benda starfsmenn á að leikskólinn sé mjög vel rekinn að þeirra mati¹⁹.

¹⁶ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

¹⁷ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

¹⁸ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

¹⁹ Viðtal við skólastjórnendur og starfsmenn, 16.nóvember 2010.

2.6. Húsnæði og aðbúnaður

Samkvæmt lögum um leikskóla skal búa börnum hollt uppeldisumhverfi og örygg leikskilyrði. Stuðla skal að heilbrigðum lífsháttum, hollustu og góðum matarvenjum... Vernda skal heilsu barna og temja því hreinlæti... Umhverfið er stundum kallað þriðji uppalandinn í leikskóla, næst barnahópnum og leikskólakennara... Við mat á skólastarfi er eftirfarandi atriði athuguð varðandi húsnæði, þ.e. aðstaða og öryggi barna og aðstaða og öryggi starfsfólks²⁰

2.6.1. Leikskólinn Garðasel

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi í heimsóknum sínum á vettvangi, einnig var stuðst við gögn frá Garðaseli og fleiri gögn. Leikskólinn Garðasel var stofnaður 1. september 1991. Leikskólanum er skipt í þrjár aldursskiptar deildir en þær heita Lón, Holt og Vík og er blandaður dvalartími er á öllum deildum. Flatarmál leikskólans er 543,5 m² en leik- og kennslurými er 256 m². Í leikskólanum geta 73 börn verið samtímis²¹ Raunnýting leikrýma sem hlutfall af þjónustugetu er 99,4%. Leikskólinn er opinn frá 7.30 – 17.00²².

Húsnæði leikskólans er bjart og opið með miðrymi (Skála) sem skiptir byggingunni eftir endilöngu. Öðru megin eru deildirnar þrjár en hinum megin í húsinu eru sérrými og starfsmannaaðstaða. Húsnæði leikskólans er að miklu leiti upprunalegt en þó hefur verið ráðist í endurbætur á þaki og eldhúsi. Húsbúnaður hefur að einhverju leiti verið endurnýjaður til að bæta aðbúnað og umhverfi. Í gögnum frá leikskólanum koma fram upplýsingar um kosti og galla miðrymis í húsinu. Bent er á að gler sé í miðryminu sem magni bæði hávaða og áreiti en kostir eru helst nefndir að hægt er að skipta börnum í minni hópa sem geti nýtt sér leiksaðstöðu í miðryminu og því þurfi ekki að vera með alla inni á deildum í einu. Inngangar inn á deildir og sérrými eru í miðryminu og því er umgengni um svæðið almennt mikil.

Að mati skólastjórnenda og starfsmanna mætti hljóðvist og loftræsting vera betri í húsnæðinu og að huga þurfi að þeim þáttum í framtíðinni. Einnig benda þeir á húsnæði sé lítið miðað við núverandi barnafjölda. Barnafjöldi miðast samt við þau viðmið sem í gildi eru, en rýmið er þröngt. Fataherbergin eru lítil og svefnaðstaða barnanna gætu verið betri. Starfsmenn og skólastjórnendur benda á að þeir séu útsjónarsamir og lausnamiðaðir þegar kemur að við að aðlaga húsnæðið að þörfum barnahópsins og starfseminnar²³.

Rýmingar- og viðbragðsáætlun er í gildi á leikskólanum skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggii á vinnustöðum 1980 nr. 46 og eintök af rýmingar- og ábyrgðarsvæðum eru á hverri deild sem og skilgreind hlutverk starfsmanna ef til

²⁰ Aðalnámskrá leikskóla, 1999.

²¹ Handbók Garðasels, bls.6.

²² Gögn vegna úttekta, október – desember 2010, starfsmannahald.

²³ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

rýmingar kæmi. Að mati starfsmanna eru þeir mjög vel upplýsir um hvernig brunavörnum er háttað í húsinu og telja sig meðvitaða um sitt hlutverk²⁴. Áhættumat og öryggisáætlun er í vinnslu og er sú vinna vel á veg komin. Áhersla er lögð á aðkomu starfsfólks til að fá raunhæft mat á áhættuþáttum, umhverfi og mikilvægi þess að það komi að tillögum um úrlausnir²⁵. Í handbók leikskólans eru reglur vegna slysa, slysaskráningar, till kynninga, verklagsreglur vegna meiriháttar slysa og útkalls sjúkrabíls/lögreglu og umferðaröryggi barna skilgreindar. Handbók um fyrstu hjálp er inn á hverri deild.²⁶

Leikskólinn er á undanþágu frá heilbrigðiseftirliti vegna aðstöðu í eldhúsi en þar vantar starfsmannahandlaug. Ekki hefur verið skipaður öryggisfulltrúi í leikskólanum en þar sem þessi vinna er unnin í sjálfboðaliðavinnu hefur engin fengist til að taka þetta að sér. Leikskólastjóri hefur verið í sambandi við Vinnueftirlitið vegna þessa.²⁷

2.6.2. Umhverfi leikskólans og útileiksvæði

Leikskólinn er staðsettur í grónu hverfi á Akranesi og nýtur nálægðar við Grundaskóla, íþróttasvæðisins að Jaðarbökkum, Garðalundi sem er skógræktarsvæði í nágenninu, Langasandi og byggðasafninu að Görðum. Árið 2008 var skólalóð leikskólans endurnýjuð frá grunni og tók sú framkvæmd mið af öryggisstöðlum um leiktæki og skólalóðir leikskóla. Fram kemur í áhættumati sem verið er að vinna að á leikskólanum að ákveðin svæði á útileiksvæðinu geti boðið upp á krefjandi og jafnvel varasamar aðstæður en starfsmenn eru meðvitaðir um þær og hafa sett ákveðnar umgengnis- og eftirlitsreglur til að fylgja eftir²⁸.

2.7 Mat úttektaraðila

- Stefnukort leikskólans liggur fyrir ásamt markmiðum, gildum og einkunnarorðum.
- Stefnukortið er faglega unnið og skýr tengin milli stefnukorts og markmiða.
- Heilsustefna skólans mjög skýr og mikil þátttaka starfsmanna.
- Garðasel hefur tekið þátt í stofnun og uppbyggingu samtaka Heilsuleikskóla
- Ekki liggur fyrir skólastefna Akraneskaupsstaðar.
- Skýrt skipurit leikskólans
- Verkaskipting skýr meðal stjórnenda og starfsmanna
- Heimasíðan virk og með mikið af upplýsingum

²⁴ Viðtal við kennara og starfsmenn, 16.nóvember 2010.

²⁵ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

²⁶ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

²⁷ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

²⁸ Gögn vegna úttektar, október – desember 2010.

- Allir starfsmenn með netfang og taka virkan þátt í upplýsingamiðlun
- Lagt er mat á stjórnun í sjálfsmati leikskólans
- Starfsandi og skólabragur einkennist af dyggðum skólans, virðingu, jákvæðni, lýðræðislegum vinnubrögðum, samkennd og lausnamiðu umhverfi.
- Áhrif barna á leikskólastarfið er ekki sérstaklega skilgreind.
- Skólaþróun virk (heilsuskóli, gerð námsáætlana fyrir hverja deild).
- Ný lög og reglugerðir hafa ekki aukið kostnað á leikskólann
- Niðurskurður sveitarfélagsins hefur komið niður á leikskólastarfinu, m.a. í formi viðhalds á húsnæði, námskeiða og funda.
- Bæta má hljóvist og loftræstingu í leikskólanum.
- Húsnæðið er lítið m.v. núverandi barnafjölda, fataherbergi eru lítil og svefnaðstaða barnanna gæti verið betri.
- Rýmingar- og viðbragðsáætlun er í gildi og starfsmenn og börn upplýst.
- Áhættumat og öryggisáætlun er í vinnslu og sú vinna komin langt á veg. Ekki hefur verið skipaður öryggisfulltrúi.
- Leikskólinn er á undanþágu frá heilbrigðiseftirliti vegna aðstöðu í eldhúsi.
- Handbók um fyrstu hjálp er á hverri deild.

3. Skólanámskrá leikskóla

Á grunni aðalnámskrár leikskóla ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá þar sem gerð er uppeldis- og námsáætlun til lengri eða skemmri tíma... Námskráin skal vera í rituðu formi og öllum aðgengileg sem málið varðar...Skólanámskrá skal vera í samræmi við opinbera uppeldisstefnu leikskólans, svo og þær áherslur og sérstöku markmið sem hver leikskóli setur sér... Til að ná sem bestum árangri skal allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og faglegrar þekkingar.²⁹

Skólanámskrá Garðasels heitir Áttavitinn og var fyrst gefin út í desember 2000, en formleg vinna við gerð hennar hófst árið 1999. Hún var endurútgefin árin 2003, 2005 og 2009. Við gerð skólanámsskrár leikskólans var tekið mið af aðalnámsskrá leikskóla.³⁰

3.1. Skólanámskrá leikskólans Garðasels og tengsl við Aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu sveitarfélags.

Markmið skólanámskrár Garðasels er að vera leiðarvísir um hvað og hvernig, hvenær og hvar fjölbreytt uppeldi og menntun leikskólans á að fara fram. Skólanámsskrá mótast af aðalnámskrá leikskóla, sérstökum áherslum og stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hún er heildaryfirlit yfir starfsaðferðir leikskólans og grundvöllur fyrir gæðamat og framþróun.³¹ Eintak af skólanámskrá er afhent foreldrum allra barna leikskólans við upphaf skólagöngu.

Upplýsingar um rekstur leikskólans, dagskipulag og daglegt líf, skipulag innra starfs, námssvið leikskólans, sérkennslu, hefðir og siðir, gæðamat, foreldrasamstarf og samstarfsaðila eru gerð ítarleg skil í skólanámsskránni ásamt öðrum viðfangsefnum sem leikskólinn vinnur markvisst að en þar ber helst að nefna:

- Markvissa málörvun.
- Lífsleikni.
- Endurvinnslu.
- Könnunarleik og opin efnivið.
- Þemavinnu.
- Samþættingu námssviða.
- Tákn með tali.
- *Brúum bilið.*

²⁹ Aðalnámskrá leikskóla, 1999.

³⁰ Áttavitinn – Skólanámskrá Garðasels, bls 3.

³¹ Áttavitinn – Skólanámskrá Garðasels, bls. 5.

Að mati skólastjórnenda er skólanámskrá Garðasels nokkurs konar yfirmarkmið fyrir leikskólann sem eru nánar útfærð í deildarnámskrám og námsáætlunum en þar eru leiðir leikskólans útfærðar en frekar miðað við aldur og þroska barnanna³².

Akraneskaupstaður hefur ekki gefið út formlega skólastefnu en sveitarfélagið lagði áherslu á við mótun skólanámskrár að Garðasel fylgdi sinni sérstöðu. Í aðalnámskrá leikskóla segir að til að ná sem bestum árangri skuli allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og faglegrar þekkingar.³³ Þá segir í lögum um leikskóla að foreldraráð skuli gefa umsögn um skólanámskrá en ekki er starfandi foreldraráð við skólann.³⁴

3.2. Áhersla á tiltekna þætti

Í skólanámskránni er lögð áhersla á að barnið sé í brennidepli og að starfshættir eigi að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Lögð er áhersla á eflingu alhliða þroska og þroskaþátta hjá barninu. Einkunnarorð leikskólans eru Lífið er leikur og er mikil áhersla lögð á leikinn. Mikilvægi náms í leik, náms í daglegu lífi, samskiptum, skapandi starfi og skapandi hugsun eru einnig ein af grunnstoðum skólanámskrárinnar. Markmið leikskólans er að búa börnum og starfsfólki öruggt og þroskandi umhverfi sem býður upp á fjölbreytni í leik og starfi með hlýju virðingu og samkennd að leiðarljósi.³⁵

Fram kemur í skólanámsskránni að Garðasel skiptir námsleiðum sínum í þrjú megin svið.

1. *Þroski* – þroskamiðað nám. Efla alhliða þroska barnsins þ.e. félags og tilfinningaþroska, vitsmunþroska, málþroska, hreyfiþroska, siðgæðisþroska og fagurþroska.
2. *Færni* – færni miðað nám. Efla sjálfshjálp, barnið í brennidepli í athöfnum daglegs lífs. Aukin færni til sjálfsbjargar leiðir af sér sterkari sjálfsmynd og meira sjálfstæði.
3. *Samfélag* – samfélagsmiðað nám. Reynsla, þekking og fróðleikur um það samfélag sem barnið er þátttakandi í. Fræðsla um umhverfi og menningu.

³² Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

³³ Aðalnámskrá Leikskóla 1999.

³⁴ Lög um leikskóla 90/2008, 11.gr

³⁵ Áttavitinn – Skólanámskrá Garðasels, bls. 8-9.

3.3 Hugmyndafræði

Í skólanámsskrá leikskólans kemur fram að ákveðin hugmyndafræði liggur að baki daglegum starfsháttum hans og eru nefndir fræðimenn og kenningar því til rökstuðnings³⁶. Þeir eru helstir:

- **John Dewey.** Áhersla á að vekja áhuga barns með leik og starfi og virkja hina miklu athafnaþörf þess. *Learning by doing.*
- **Birgitta Knutsdóttir Ólafsson.** Að ganga inn í leik barna á þeirra forsendum. Sýna þarf leiknum virðingu og athygli og gefa honum nægan tíma og rými.
- **Jean Piaget.** Vitsmunaproski barna skiptist í fjögur megin þroskastig sem koma í ákveðinni röð. Barn færast af einu þroskastigi yfir á annað.
- **Berit Bae.** Tengsl við hvert barn í þróun sjálfsmyndar þess. Barnið fylgist með samskiptum annarra og lærir.
- **Erik H. Erikson.** Hvernig öðlast maðurinn sjálfsmynd sína og hvernig þroskast sjálfíð. Hægt er að skipta æviferlinu í átta áfanga sem einkennast af því að einstaklingurinn þarf að leysa ákveðin viðfangsefni í samskiptum sínum við aðra.

Að mati skólastjórnenda og starfsfólks vantar þó meiri dýpt í hugmyndafræðina almennt, það sé til fullt af fræðiefni og rýnt hafi verið í ýmsar kenningar en það vanti meiri tíma til að útfæra hugmyndafræðina betur.³⁷

3.4. Sérstakar námskrár og sérstaða skólans

Námskrár geta verið mismunandi eftir því hvort gera á grein fyrir starfinu í heild eða einstökum þáttum þess. Leikskóli getur því einnig sett sér námskrár sem fjalla um afmarkaða þætti í leikskólastarfinu og skal kynna þær á sama hátt og skólanámsskrána³⁸.

Garðasel er **heilsuleikskóli** og starfar hann eftir heilsustefnu sem hefur það að markmiði „að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á hreyfingu og holla næringu, gæði í samskiptum og listsköpun í leik og starfi.“ Heilsubók barnsins fylgir hverju barni gegnum leikskóladvöl þess á Garðaseli. Bókin er grunnur að heilsustefnu skólans. Skráð er í heilsubókina tvisvar á ári að gefnu leyfi foreldra. Í henni eru útfærð skráningarblöð sem gefa yfirgripsmiklar upplýsingar um stöðu, færni og getu barnsins á mismunandi sviðum hverju sinni.³⁹

³⁶ Áttavitinn – Skólanámsskrá Garðasels, bls. 11.

³⁷ Viðtal við skólastjórnendur, kennara og starfsmanna, 16.nóvember 2010.

³⁸ Aðalnámsskrá leikskóla 1999, bls. 37.

³⁹ Áttavitinn – Skólanámsskrá, bls. 10.

Hver deild á leikskólanum hefur gert sérstaka deildarnámskrá fyrir veturinn 2010 – 2011 en þar kemur fram sérstaða deildanna í starfi vetrarins miðað við aldur og þroska barnanna.

Á Garðaseli er unnið með dyggðir og er dyggðanámið rauður þráður í daglegu starfi leikskólans. Leikskólinn hefur valið sér fjórar dyggðir til að vinna með á þessu starfsári en þær eru jákvæðni, hjálpssemi, glaðværð og vinátta. Hver dyggð hefur sinn dyggðavísi en þar kemur fram skilgreining á dyggðinni og hvernig hægt er að vinna með hana í daglegu lífi og samskiptum. Foreldrum er afhent eintak af dyggðavísunum og eru þeir hvattir til að taka þátt í dyggðanáminu með börnum sínum. Á skólaárinu 2010 – 2011 er lögð áhersla á að skoða hvernig uppeldisaðferðin Uppeldi til ábyrgðar fellur að dyggða og lífleikninámi sem fram fer á leikskólanum.

Garðasel vinnur eftir umhverfisstefnu frá árinu 2005 en hún tekur til almennra þátta umhverfismenntunar. Lögð er áhersla á flokkun og endurvinnslu endurnýtanlegra hluta og efniviðs. Keyptar eru inn umhverfisvænar vörur og lögð áhersla á að kenna börnunum góða umgengni og virðingu fyrir náttúru og umhverfi.

3.5. Endurskoðun námskrár, þátttaka og áhrif.

Skólanámsskrá Garðasels hefur verið endurskoðuð þrisvar sinnum frá því að hún var gefin út til að tryggja að hún gefi rétta mynd af innra starfi, skipulagi og breytingum í starfi leikskólans hverju sinni. Síðast var skólanámskráin endurmetin árið 2009. Að mati skólastjórnenda komu allir starfsmenn að endurskoðurn og mati á skólanámskrá og voru upplýstir um áherslurnar en leikskólastjóri uppfærði hana⁴⁰.

Skólanámskráin er ekki samlesin af öllu starfsfólki en hvatt er til að hún sé lesin. Starfsmenn telja sig hafa haft áhrif við gerð og mat á skólanámskrá. Í upphafi unnu allir starfsmenn leikskólans í hópum að gerð námskrárinnar en eftir að námsáætlanir og deildarnámskrár voru teknar upp hefur athyglin meira beinst að þeim. Mikil áhersla er lögð á skráningu í Garðaseli. Að mati skólastjórnenda er ljóst að fara þurfi í endurmat á skólanámskránni með tilkomu nýrrar aðalnámskrár leikskóla og að allir starfsmenn leikskólans þurfi að koma að þeirri vinnu. Þeir telja að kröfur aðalnámskrár leikskóla séu uppfylltar í skólanámskrá leikskólans með samþættingu og skráningu. Skólastjórnendur og starfsmenn telja að aðalnámskrá leikskóla sé starfsmönnum ljós, alltaf sé tekið mið af henni og unnið eftir öllum námssviðum aðalnámskrár í starfi leikskólans.⁴¹

⁴⁰ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

⁴¹ Viðtal við deildarstjóra, kennara og starfsmenn, 16.nóvember 2010.

3.6 Uppeldi og kennsla

Á Garðaseli er lögð áhersla á að skipulag sé eins alla daga til að skapa festu og öryggi í lífi barnanna, einnig er lögð áhersla á að frjáls leikur/valttímar og skipulagt starf hafi svipað vægi innan skólastarfsins. Börnum er skipt í hópa í upphafi skólaársins og fylgir sami hópstjóri börnunum allan veturinn í hópastarfi, samveru og matmálistímum. Deildir leikskólans vinna námsáætlanir sem gilda í einn til tvo mánuði og að auki vinnur hver hópstjóri námsáætlun fyrir sinn hóp⁴².

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti s.s. könnunarleikinn fyrir yngri börnin og könnunaraðferðina fyrir þau eldri. Dagatöl þar sem skipulag starfsins er skilgreint eru gerð fyrir hvern mánuð og eru þau bæði til sýnis á leikskólanum og á heimasíðunni. Lögð er áhersla á góða nýtingu sameiginlegra svæða s.s. listasmiðju og hreyfiherbergis en hreyfing skipar stóran sess í faglega starfinu á leikskólanum. Barnahóparnir blandast á valttímum þar sem börnin geta valið sér svæði eða viðfangsefni með vinum sínum.

3.7 Tengsl skólastiga

Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum⁴³

Í samtali við stjórnendur er stuðlað að samstarfi á milli leik- og grunnskóla eins og segir í aðalnámskrá leikskóla.⁴⁴ Á Garðaseli er unnið með *Brúum bilið* sem er samstarfsverkefni leik- og grunnskólanna. Lögð er áhersla á reglulegar heimsóknir milli skólastiga yfir veturinn og í vetrarlok taka börn leikskólans þátt í vorskóla við sinn grunnskóla sem stendur yfir í fjóra daga og lýkur með sameiginlegum skemmtidegi nemenda fyrsta bekkjar grunnskólans og leikskólabarna.

3.8 Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá Garðasels liggur fyrir og hefur verið endurútgefin þrisvar sinnum frá árinu 2000.
- Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu og kynnt öllum er málið varðar.
- Skólanámskráin er í samræmi við opinbera uppeldisstefnu leikskólans, svo og þær áherslur og sérstöku markmið sem leikskólinn setur sér.
- Starfsfólk leikskólans kom að gerð skólanámskrár.
- Akreneskaupstaður hefur ekki gefið út formlega skólafestun.
- Einkunnarorð leikskólans er *Lífið er leikur*.
- Stefna leikskólans er *Heilsuleikskóli*.
- Náms svið leikskólans er skipt í þrjú svið (þroskamiðað nám, færnismiðað nám og samfélagsmiðað nám).

⁴² Viðtal við deildarstjóra, kennara og starfsmenn, 16.nóvember 2010.

⁴³ Aðalnámskrá leikskóla 1999, bls. 33.

⁴⁴ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

- Skólanámskráin byggir á kenningum John Dewey, Birgitta Knutsdotter Olafsson, Jean Piaget, Berit Bae og Erik H. Erikson.
- Það má auka rýni og útfærslu á hugmyndafræði leikskólans.
- Hver deild á leikskólanum hefur gert sérstaka deildarnámskrá fyrir árið.
- Unnið er með dyggðir á leikskólanum (jákæðni, hjálpsemi, glaðværð og vináttu).
- Garðasel hefur unnið eftir umhverfisstefnu frá árinu 2005.
- Börnum er skipt í hópa í upphafi skólaárs og fylgir sami hópstjóri börnunum allan veturinn, sinnir jafnframt námsáætlun og foreldrasamstarfi.
- Gott samstarf er milli leik- og grunnskóla, m.a. með “Brúum bilið”.

4. Námssvið og námsþættir aðalnámskrár

Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag⁴⁵.

Í Skólanámskrá Garðasels er fjallað um hvernig unnið er með námssvið aðalnámskrár á leikskólanum og hvernig þau fléttast inn í undirstöðupætti leikskólastarfsins. Að mati skólastjórnenda er lögð rækt við að styðja við starfið meðal annars með aðstoð utanaðkomandi gestakennara ef það styður við skólann og eykur vellíðan starfsmanna. Einnig hefur verið farið af stað með verkefnahópa innan leikskólans t.d. í útikennslu⁴⁶.

4.1. Hreyfing

Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi⁴⁷.

Unnið er eftir ákveðnum markmiðum og leiðum í hreyfingu á Garðaseli og hefur leikskólinn byggt upp verkefnið *“Hreyfing í leikskóla”* í þeim tilgangi. Öll börn á leikskólanum fara í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku þar sem unnið er með helstu áhersluþætti hreyfingar. Hreyfistundir á leikskólanum eru skipulagðar einn mánuð í senn. Elsta árgangi leikskólans er að auki boðið upp á íþróttir í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum einu sinni í viku undir handleiðslu íþróttakennara eða kennara Víkur. Allar deildir leikskólans eiga að auki kost á því að nýta sér íþróttatíma að Jaðarsbökkum vikulega. Á leikskólanum er auk þess lögð áhersla á hreyfingu í útivist/útikennslu, gönguferðum/vettvangsferðum, hópastarfi, íþróttaviku í júní, skemmtiskokki tvisvar á ári og danskennslu⁴⁸.

4.2. Málrækt

...því ber að leggja áherslu á málrækt: í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Einnig skal hvetja barn til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli.⁴⁹

Garðasel setur sér markmið og leiðir varðandi málrækt á leikskólanum. Lögð er áhersla á að ná markmiðum leikskólans fram í daglegum athöfnum og samskiptum en þar fer mikilvægur þáttur málræktar fram. Áhersla er á að kennarar vandi mál sitt sem fyrirmyndir barnanna. Samverustundir eru skipulagðar á fjölbreyttan hátt þar sem áhersla er lögð á hlustun, hvetjandi tal og samræður, söngtexta og þulur og framkomu. Í hópastarfi er unnið að málörvun í gegnum leik, samræður og önnur viðfangsefni en þar er einnig unnið með fjóra fyrstu kaflana í bókinni *Markviss málörvun* og fer sú kennsla fram tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Í leiknum er lögð áhersla á að efla hugtakaskilning barnanna. Á deild eldri barna er ritað mál gert

⁴⁵ Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 19.

⁴⁶ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

⁴⁷ Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 19.

⁴⁸ Áttavittinn – Skólanámskrá, bls. 18.

⁴⁹ Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 20.

sýnilegt í umhverfinu og unnið er með hljóð og stafi í leikskólastarfinu. Leikskólinn leggur áherslu á *Tákn með tali* en það tryggir jafnan rétt einstaklingsins til tjáskipta við aðra.⁵⁰

4.3. Myndsköpun

*Leikskóla ber að sjá börnum fyrir fjölbreyttum efnivið til myndsköpunar og leiðbeina og örva til sjálfstæðra verka*⁵¹.

Myndsköpun er mikilvægur þáttur í daglegu starfi barna á Garðaseli. Leikskólinn hefur sett sér markmið og leiðir þar sem áhersla er lögð á fjölbreyttan efnivið til myndsköpunar og sjálfstæð vinnubrögð þar sem viðfangsefni hæfi þroska og getu hvers og eins, einnig er lögð áhersla á samfelldan tíma og að börnin þjálfist í að vinna að myndsköpun við mismunandi aðstæður t.d. í valttíma, Listasmiðju og gönguferðum. Öll verk barnanna eru merkt með nafni þeirra og dagsetningu.⁵²

4.4. Tónlist

*Leggja ber áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana.*⁵³

Söngur og leikur með hljóðgjafa er hluti af starfinu með börnunum á Garðaseli. Leikskólinn hefur sett sér markmið og leiðir varðandi tónlist. Lögð er áhersla á söng og söngleiki t.d. í samverustundum og vinnustundum. Börnin læra texta, syngja saman, vinna með hljóðgjafa, hreyfa sig í takt, hlusta á tónlist og túlka hana í hreyfingum, með leikrænni tjáningu og með myndmáli. Hreyfileikir inni/úti eru einnig notaðir í tónlistarstarfinu með börnunum sem og gönguferðir, en þar er athygli barnanna vakin á hinum ýmsu umhverfishljóðum sem heyra má í náttúrunni. Sameiginleg söngstund er einnig á leikskólanum einu sinni í mánuði en þá hittast öll börnin og syngja saman.⁵⁴

4.5. Náttúra og umhverfi

*Barn þarf að kynna fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar....Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. ...Einnig er ákjósanlegt að skapa tækifæri og aðstöðu í leikskóla til tilrauna og athugana barna.*⁵⁵

Garðasel hefur sett sér markmið og leiðir er kemur að uppeldisstarfi með börnum á sviði náttúru og umhverfis. Áhersla er lögð á að barnið kynnist náttúrunni af eigin raun og öðlist þekkingu á henni í samræmi við þroska sinn og skilning. Farið er í gönguferðir um nágrenni leikskólans og útikennslu þar sem börnin hafa möguleika á að kanna, upplifa og gera tilraunir en lögð er áhersla á að fræðsla taki mið af þroska

⁵⁰ Áttavitinn – Skólanámskrá, bls. 19.

⁵¹ Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 23.

⁵² Áttavitinn – Skólanámskrá, bls. 21.

⁵³ Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 23.

⁵⁴ Áttavitinn – Skólanámskrá, bls. 21-22.

⁵⁵ Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 26-27.

og getu barnanna þannig að þau séu virkir þátttakendur. Vettvangsferðir þar sem unnið er með ákveðið efni, þemavinnu sem tengist náttúrunni, fræðslu um náttúruna í formi bóka/myndbanda, tilrauna og umræðna, gróðursetningu og ræktun en ræktaðar eru kartöflur á leikskólanum og fylgjast börnin með því ferli, hreinsun á nánasta umhverfi leikskólans og umferðarfræðslu á haustin og á vorin.⁵⁶

4.6. Menning og samfélag

Leikskóla ber að að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á... Ýmsa atburði líðandi stundar ber að taka til umfjöllunar á leikskólum með ýmsum hætti...Leikskólanum ber að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf, tunga og trúarbrögð er... Barn í leikskóla þarf að kynna tölvu og læra að nota hana á sinn hátt... Tölvur skulu því vera til í leikskólum⁵⁷.

“Fyrstu tengsl margra barna við samfélagið utan fjölskyldunnar eru tengsl þeirra við leikskólann. Barnið kynnist smám saman því samfélagi sem það lifir í”⁵⁸.

Á Garðaseli er lögð áhersla á að börnin kynnist nærsamfélagi sínu með heimsóknum á aðra vinnustaði og stofnanir til að þau upplifi og skynji það sem er að gerast fyrir utan heimili þeirra og leikskólann. Farið er á leiksýningar og söfn, og tekur leikskólinn þátt í ýmsum hátíðum, hefðum og siðum sem til eru í íslensku þjóðlífi og fræðir börnin um þær. Einnig hafa myndast ákveðnar hefðir innan leikskólans sjálfs sem eru mikilvægur hluti af menningu hans. Foreldrum er boðið að taka þátt í ákveðnum viðburðum eða koma að framkvæmd þeirra með einhverjum hætti.⁵⁹

Lögð er áhersla á samskipti barna og þau hvött til að leysa úr málum sínum eins og kostur er. Góður aðgangur er að tölvu á leikskólanum og hefur hver deild eigin tölvu til umráða. Ekki hefur verið lögð mikil áhersla á fjölmenningu á leikskólanum en barnahópurinn er nokkuð einsleitur að mati skólastjórnenda, ekkert barn af erlendum uppruna er á leikskólanum í dag⁶⁰.

4.7. Mat úttektaraðila

- Að mati úttektaraðila uppfyllir Garðasel allar kröfur aðalnámskrár um námsþætti (hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag)
- Auka mætti vægi fjölmenningar í leikskólanum.

⁵⁶ Áttavitinn – Skólanámskrá, bls. 22-23.

⁵⁷ Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 27-29.

⁵⁸ Áttavitinn – Skólanámskrá, bls. 23.

⁵⁹ Áttavitinn – Skólanámskrá, bls. 23-24.

⁶⁰ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

5. Dagskipulag og innra starf á leikskólanum

Í dagskipulagi leikskólastarfs þarf að ríkja jafnvægi á milli mismunandi þátta, á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innileikja og útileikja, á milli félagslegra samskipta og einstaklingsverkefna og á milli hvíldar og þátttöku í leik og starfi. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs⁶¹.

Garðasel byggir starf leikskólans á aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá, deildarnámsskrám og mánaðarlegum áætlunum. Lögð er áhersla á að koma til móts við ólíkar þarfir og getu barnanna þar sem hver og einn er metinn á eigin verðleikum. „Lögð er áhersla á leikinn í allri sinni mynd og hann settur í öndvegi, því leikurinn felur í sér nám.“⁶²

Daglegu venjurnar eru fastir liðir í dagskipulagi leikskólans þar sem daglegt líf markast mjög af venjubundnum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barnanna og heilsu þeirra. Leikskólinn hefur sett sér uppeldisleg markmið og leiðir í daglegum venjum og þær skráðar í skólanámskrá, t.d. að koma og fara, matmálstímar, svefn- og hvíld, hreinlæti og klæða sig úr og í.⁶³ Dagskipulag myndar ramma utan um skólustarfið og skapar festu og öryggi fyrir börn og starfsfólk. Í deildarnámskrám er dagskipulag hverrar deildar útfært nánar eftir aldri, þroska og getu barnanna (sjá viðauka 1).

5.1. Hópatímar

Barn þarf að læra að leika sér og starfa í hópi sem það tilheyrir. Í hópleikjum öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu⁶⁴.

Hópastarf fer fram fjóra daga vikunnar fyrir og eftir hádegi. Börnunum er skipt upp í hópa að hausti og hefur hver hópur sinn fasta hópstjóra sem fylgir þeim eftir allan veturinn. Í hópstarfinu er lögð áhersla á að börnin læri að þekkja og treysta á hvort annað og að þau starfi í fámennum hópum þar sem þau læra að vinna saman. Hópstjórinn velur verkefni sem hæfa aldri og getu barnanna í hópnum og metur framfarir þeirra. Í hópstarfinu er lögð áhersla á að hafa ávallt upphaf miðju og endi og mikil áhersla er lögð á skráningu námsáætlana.⁶⁵

5.2. Valtímar / Frjáls leikur

Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns⁶⁶.

Garðasel leggur áherslu á að valið sé umgjörð um frjálsa leikinn. Boðið er upp á svæði á deildunum, á sameiginlegum svæðum í miðrymi og útivist. Fjöldi barna á hverju svæði fyrir sig er skilgreindur til að tryggja smærri hópa og viðfangsefni eru

⁶¹ Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 14.

⁶² Ársskýrsla Garðasels 2008-2009.

⁶³ Áttavítinn – Skólanámskrá, bls 16-18.

⁶⁴ Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 19.

⁶⁵ Áttavítinn – Skólanámskrá, bls 25-26.

⁶⁶ Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 13.

valin fyrirfram eða af börnunum sjálfum. Haldið er utan um val barnanna með skráningu en þannig er tryggt að sum börn velji ekki alltaf sama svæðið. Útivist er innan val tíma barnanna á Garðaseli en lögð er áhersla á að þau fari út einu sinni á dag og oftár ef þau vilja.⁶⁷ Að mati skólastjórnenda og starfsmanna hefur vægi frjálsa leiksins verið aukið nokkuð á undanförunum árum.⁶⁸

5.3. Leikefni og efniviður

Börn þurfa vandaðan og fjölbreyttan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa⁶⁹.

Á Garðaseli er lögð áhersla á að leikföng og efniviður sé fjölbreyttur og aðgengilegur og bjóði upp á fleiri en einn möguleika í leik til að örva sköpunarþörf barnsins. Helstu leikefni eru efniviður til skapandi starfs, verðlaust efni sem nýta má m.a. í könnunarleik, listsköpun og hlutverkaleik, búnaður til þykjustu- og hlutverkaleikja, kubbar og annað efni til byggingaleikja, hljóðfæri og annað efni vegna tónlistar og tónlistariðkunar, leiktæki úti og inni, tölvur, ýmsar gerðir af verkfærum og búnaður vegna hreyfingar. Að mati starfsmanna er mikið til af efnivið og leikefni á leikskólanum og mætti að þeirra mati yfirfara það betur og skilgreina hvað á að vera inni og hvað úti. Fram kemur í viðtölum við deildarstjóra að stefna leikskólans við val á leikefni sé að reyna að kaupa ekki það sem til er heima heldur hafa leikefni skólans sem viðbót við það leikefni fyrir barnið. Áhrif barna varðandi val á leikefni er ekki markvissst „heldur sjáum við hvar áhuginn liggur og reynum að finna út hvað virkar best fyrir börnin.“⁷⁰

5.4 Mat úttektaraðila

- Jafnvægi ríkir milli mismunandi þátta í dagskipulagi leikskólastarfsins. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggir hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.
- Hópastarf er mjög virkt undir stjórn hópstjóra sem fylgir börnunum allan veturinn, gerir námsáætlanir og tekur foreldraviðtöl.
- Boðið er upp á fjölbreytt val og frjálsan leik og hefur það aukist á undanförunum árum.
- Áhersla er lögð á skapandi efnivið og verðlaust efni, en það má skilgreina betur efnivið leikskólans.
- Börnin hafa ekki markviss áhrif á val á leikefni.

⁶⁷ Áttavitinn – Skólanámskrá, bls 226.

⁶⁸ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

⁶⁹ Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 19.

⁷⁰ Viðtal við kennara, 16.nóvember 2010.

6. Innra mat

Í lögum um leikskóla segir að leikskólinn skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra. Leikskólinn skal birta opinberlega upplýsingar um matið tengsl þess við skólanámskrá og umbóta áætlanir⁷¹.

6.1. Fyrirkomulag og framkvæmd

Garðasel hefur lagt áherslu á að móta sínar eigin kannanir sem gefa leikskólanum svigrúm til að meta nákvæmlega það sem skoða á hverju sinni, einnig hefur sveitarfélagið lagt fyrir ýmsar kannanir. Hér má sjá dæmi um innra mat Garðasels:

- **Foreldrakannanir:** Leitað hefur verið eftir mati foreldra á þjónustu, viðmóti, almennu starfi skólans og líðan barna þeirra á leikskólanum og mati á skipulagi foreldraviðtala. Kannanir eru framkvæmdar af skólaskrifstofu annað hvert ár og minni kannanir af leikskólanum sjálfum.
- **Starfsmannakannanir:** Akraneskaupstaður leggur starfsmannakönnun fyrir annað hvert ár. Í henni hefur verið leitað eftir upplýsingum um flesta þætti skólastarfsins, s.s. starfi og skipulagi deilda, álagi, starfsánægju, viðhorfi kennara í tengslum við lífsleikni- og dyggðanám. Niðurstöður eru kynntar á starfsmannafundum.
- **Starfsmannasamtöl / stefnumiðað árangursmat:** Ákveðið var að innleiða mælitæki í starfsmannasamtölum og skilgreindu stjórnendur tíu starfsþætti sem flokka má undir starfsánægju og væru mælanlegir. Starfsmenn leikskólans þurfa að gefa þessum þáttum einkunn frá 1-3-5-7-9 og geta fært rök fyrir einkunnagjöf sinni. Að loknum starfsmannasamtölum fást tölfræðilegar niðurstöður þssara tíu þátta þar sem hægt er að bera saman starfsánægju milli ára, deilda, samstarfsfólks o.fl. Hver starfsmaður fær niðurstöður og athugasemdir ásamt niðurstöðum síðasta árs. Aðgerðaáætlun er sett upp og birt í leikskólanum og er öllu starfsfólki sýnileg. Að mati stjórnenda þótti sumum starfsmönnum erfitt að fara í stefnumiðað árangursmat þegar það var fyrst lagt fyrir þar sem fólk átti í erfiðleikum með að gefa einkunn.⁷² Í dag benda starfsmenn á að árangursmatið sé mjög gagnlegt og gott sé að þurfa að rökstyðja einkunn sína. Í stefnumiðaða árangursmatinu gefa starfsmenn bæði ákveðnum þáttum starfsins einkunn auk þess að leggja mat á eigin frammistöðu⁷³.

⁷¹ Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr

⁷² Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

⁷³ Viðtal við kennara og starfsmenn, 16.nóvember 2010.

- **Deildarstjórasamtöl** við starfsmenn deilda. Þar er farið yfir matsblað þar sem skipulag, samvinna, samskipti og innihald starfsins innan deildarinnar er metið.
- **Ecers- kvarðinn** hefur verið lagður fyrir að fullu en undanfarin ár hafa að meðaltali tveir þættir verið teknir fyrir á ári og skráðir. Niðurstöður eru nýttar til færa til betri vegar eða skerpa á hlutum ef með þarf.
- **Heilsubók barnsins** er notuð til að skrá niður og fylgjast með þroska og færni barna ásamt heilsufari þeirra. Bókin fylgir barninu allt til leikskólaloka og er eign barnsins að leikskólagöngu lokinni.
- **Ársskýrsla og ársáætlun:** Garðasel skilar bæði ársskýrslu og ársáætlun sem birtar eru á heimasíðu leikskólans
- **Sérkennsla:** Í sérkennslu eru notaðir margvíslegir staðlaðir listar til að meta stöðu barnanna. Þar má helst nefna Íslenska þroskalistann, Smábarnalistann, Orðaskil, Hljóm-2 og ADHD-listinn.
- **Endurmat á skólastarfi:** Á Garðaseli er lögð fram áætlun í endurmati á skólastarfi fyrir veturinn 2010 – 2011 en þar er útfært nánar hvenær, hverjir og hvað á að endurmeta í hverjum mánuði fyrir sig. Einnig er skilgreint í áætlun hver ber ábyrgð á hverjum matsþætti og úrvinnslu.

Á Garðaseli hafa kannanir meðal foreldra og starfsmanna verið notaðar lengi. Að mati skólastjórnenda getur leikskólinn aukið aðkomu barna að mati á leikskólastarfinu frá því sem nú er. „*Megum bæta okkur varðandi börnin og hafa þeirra mat með í sjálfsmati skólans*”⁷⁴.

6.2. Umbætur á grundvelli sjálfsmats

Að mati stjórnenda og starfsmanna er mikið mark tekið á könnunum og leiða þær til umbóta og breytingar á leikskólastarfinu ef þurfa þykir. „*Við erum mjög umbótasinnaðar, við framkvæmum ekki könnun ef ekkert verður að gert*”⁷⁵.

6.3 Mat úttektaraðila

- Garðasel hefur mótað sínar aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan.
- Framkvæmdar eru reglulegar kannanir á vegum sveitarfélags og leikskóla.
- Skýrar aðgerðaáætlanir liggja fyrir á innra mati leikskólans.
- Auka má aðkomu barna að mati á leikskólastarfinu.

⁷⁴ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

⁷⁵ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

7. Mannauður

Starfsfólk leikskólans hefur unnið í sameiningu og sett fram stefnu sem hafa það markmið að ramma inn sameiginlega sýn á mikilvæga þætti í skólastarfinu. Starfsmannastefna, eineltisstefna og forvarnarstefna liggja fyrir⁷⁶.

7.1. Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun

Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla kemur fram að rekstaraðili taki ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins í samráði við leikskólastjóra. Skal ákvörðunin byggjast á „mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna.“⁷⁷ Skólaárið 2009-2010 hefur leikskólinn 19 stöðugildi og eru 22 starfsmenn að störfum í skólanum. 65% starfsmanna eru fagmenntaðir leikskólakennarar, 25% eru leiðbeinendur og 10% starfsmanna starfa í eldhúsi. Hlutverk og stöðugildi hvers starfsmanns er eftirfarandi; 1,2 skólastjórn, 3 deildarstjórn, 7,5 kennsla, ca. 3 í sérkennslu, 1 í afleysingu, 1 stöðugildi í afleysingu v.undirbúnings og 0,2 í sérverkefni, 1,5 í eldhús og þvotti⁷⁸.

7.2. Verkaskipting og starfslýsingar

Skipurit, starfslýsingar og ábyrgðarlýsing starfsmanna liggur fyrir í leikskólanum. Í leikskólanum hafa kennarar/starfsfólk valið að vera í 80% starfi, vinna fjóra daga og eiga einn frídag í viku. Þá er sett inn afleysing fyrir þennan frídag og dagarnir rúlla á milli mánaða til að tryggja að enginn sitji að besta deginum. Við skipulagningu er horft til þess að vinnutími starfsfólks sé heildstæður⁷⁹. Mikið er til af skriflegum gögnum, s.s. starfsmannahandbók, verklýsingar, handbók leikskólans, ársskýrslur ofl. Að mati allra sem rætt var við er verkaskipting mjög skýr. Allir starfsmenn komu að gerð starfsmannahandbókar. Leiðbeinendur fá tíma í undirbúning eins og aðrir. Allir ganga því í störf hvors annars ef það hentar starfseminni.

Helstu niðurstöður úr stjórnendamati og starfsmannakönnun í leikskólanum Garðaseli vorið 2009 voru þær að allir starfsmenn töldu að leikskólastjóri setji stofnuninni skýr markmið, leggi áherslu á sparnað og hagkvæmni og leitað sé til starfsmanna áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Einnig telja starfsmenn að leikskólastjóri taki vel í ábendingar um það sem betur má fara, geta leitað til hennar, hún leysi vandamál⁸⁰.

⁷⁶ Handbók Garðasels, bls. 14-16.

⁷⁷ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla 655/2009.

⁷⁸ Gögn vegna úttektar október – desember 2010, starfsmannamál.

⁷⁹ Gögn vegna úttektar október – desember 2010, starfsmannamál.

⁸⁰ Stjórnendamat og starfsmannakönnun í leikskólanum Garðaseli vorið 2009. Fjölskyldustofa Akraneskaupsstaðar, ágúst 2009.

7.3. Starfsþjálfun og símenntun

Lítill starfsmannaveita er í leikskólanum. Þegar nýir starfsmenn koma til starfa, er farið í gegnum stefnu og starfshætti, handbók leikskólans of.l.gögn. Símenntunaráætlun hefur verið gerð í leikskólanum undanfarin ár en vegna niðurskurðar árið 2010 var ákveðið að gefa ekki út slíka áætlun. Starfsmenn þurfa því að sækja í sína eigin starfsmenntasjóði ef þeir óska eftir að fara á námskeið. Leikskólinn fékk 100 þúsund krónur í ár vegna símenntunar og starfsmenn fengu að velja námskeið sem var fyrir alla starfsmenn leikskólans. Að mati allra sem rætt var við er mikil hvatning frá stjórnendum að sækja námskeið, en þau sakna formlegrar fræðslu tengt stefnu leikskólans⁸¹.

7.4. Fundir og boðskipti

Mikil áhersla er lögð á opin boðskipti í leikskólanum, ýmsar leiðir eru farnar:

- **Stjórnendafundir.** Stjórnendur hittast í hverri viku og ræða skipulag skólustarfsins, vinna áætlana- og skýrslugerð, vinna í skólanámskrá, taka starfsmannasamtöl, samræma stjórnunarhætti og leiða hvorn annan í stjórnun.
- **Starfsmannafundir:** Á skólaárinu 2009-2010 voru fimm starfsmannafundir, þar sem tekin voru fyrir málefni sem vörðuðu allan starfsmannahópinn, stuttir fyrirlestrar og oft voru deildarfundir í lokin.
- **Deildarfundir** voru einu sinni í viku og deildarstjórafundir einu sinni í mánuði.
- **Deildarstjórafundir** eru einu sinni í mánuði og deildafundir einu sinni í mánuði. Að sögn skólastjórnenda skipuleggja deildarstjórar efni fundanna og skila fundargerðum til skólastjóra.
- **Starfsmannapóstur** var gefinn út fyrir flesta starfsmannafundi skólaárið 2009-2010, þar sem settar eru inn allar nauðsynlegar upplýsingar til starfsmanna. Markmiðið er að stytta þann tíma á starfsmannafundum sem fer í að fara yfir tilkynningar og önnur minniháttar mál.
- **Starfsdagur** voru fjórir á skólaárinu 2009-2010. Í ágúst var vetrarstarfið skipulagt og farið yfir starfshætti skólans. Í janúar var haustönnin metin eftir samræmdum matslista og seinni hluta þess dags nýttur til að skipuleggja vorönnina.
- **Leiðbeiningarviðtöl** einu sinni á skólaárinu þar sem deildarstjóri og starfsmaður ræðast við.

⁸¹ Viðtal við deildarstjóra, kennara og starfsmanna, 16.nóvember 2010.

7.5.Jafnrétti

Í lögum um jafnan stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 2008 er gert ráð fyrir að sveitarfélög skipi jafnréttisnefndir sem fjalli um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags og hafi umsjón með gerð jafnréttisáætlunar.⁸²

Að mati leikskólastjóra er jafnréttis gætt á ýmsan hátt, t.d. fá ómenntaðir starfsmenn tækifæri á að vera með í undirbúningi fyrir foreldraviðtöl. Leiðbeinendur sem eru hópstjórar fá jafnframt undirbúningstíma eins og aðrir fagmenntaðir kennarar. Styrkur leikskólans er að hennar mati jafningjahugsun, allir starfsmenn gangast t.d. undir vinnutímann sem rúllar á milli starfsmanna óháð stöðu í skipuriti⁸³. Enginn karlmaður starfar í leikskólanum

7.6.Mat úttektaraðila

- 65% starfsmanna leikskólans eru fagmenntaðir leikskólakennarar.
- Skipurit, starfslýsingar, starfsmannahandbók og skýrar verkaskiptingar liggja fyrir og öllum kunn.
- Starfsmenn starfa í 80% starfshlutfalli og vinnudagarnir rúlla á milli starfsmanna óháð stöðu í skipuriti.
- Haldnir eru reglulegir fundir skólastjórnenda, deildarstjóra og starfsmanna.
- Stjórnendur koma mjög vel út úr stjórnendamati.
- Símenntunaráætlun liggur ekki fyrir árið 2010 vegna niðurskurðar. Úttektaraðilar hvetja sveitarstjórn að endurskoða ákvörðun sína um þennan þátt.

⁸² Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008, 12. gr.

⁸³ Viðtal við skólastjórnendur, 16. nóvember 2010.

8. Börn

Alls eru 73 börn í leikskólanum, þ.a. 1 barn sem dvelur 4 - 5 klst, 8 sem dvelja 5 - 6,5 klst. og 64 sem dvelja í 7-10 klst. á dag. Barngildi í 8 dvst. er 87.2.

8.1. Líðan

Að mati skólastjórnenda er fylgst vel með líðan barna í leikskólastarfinu. Ef grunur kemur upp varðandi frávík í hegðun og líðan leikskólabarns þá er sérkennslustjóri kallaður til sem fylgist með og skráir við hvaða aðstæður hegðunin kemur fram og á hvaða tíma. Í kjölfar athugana er svo ákveðið hvort samráð skuli haft við foreldra eða sérfræðinga. Í heilsustefnunni er markmiðið að auka gleði og vellíðan barnanna og lögð er áhersla á gæði í samskiptum sem mikilvægan þátt í almennri líðan barna. Dyggðanám leikskólans hjálpar einnig börnunum að efla færni sína í samskiptum við aðra.

8.2. Lýðræði

Skólastjórnendur telja að vinna megi markvissara með möguleika barna til að hafa áhrif í leikskólastarfinu. Þau hafi ákveðin tækifæri til að stjórna og þá sérstaklega í frjálsa leiknum. Í lok hreyfistunda er boðið upp á frjálsan tíma og frjálsræði sé mikið í útikennslu. Að mati starfsmanna er börnunum gefin kostur á að taka ákvarðanir um ýmislegt og þá sérstaklega börn á eldri deildum leikskólans. Þau geta valið sér leikföng og leikfni úr skápum, svæði í vali og fá stundum að stjórna ákveðnum liðum í samverustundum og afmælum⁸⁴. Að mati barna leikskólans þá mega þau helst stjórna þegar það kemur að frjálsa leiknum á leikskólanum og í söngstundum. *“Við megum stjórna leiknum, við megum stjórna hvernig við leikum okkur. Ef við erum á Lóni þá má stjórna til að syngja”*. Börnin telja sig ekki hafa mikil áhrif þegar að það kemur að því að setja reglur í leikskólastarfinu og þegar þau voru spurð hverju þau vildu breyta á leikskólanum svöruðu þau *“það er allt til.”*⁸⁵

8.3. Jafnrétti

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 2008 er gert ráð fyrir að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál.⁸⁶

Að mati stjórnenda leggur leikskólinn áherslu á að tryggja öllum börnum jafnan rétt til þátttöku í daglegu starfi á leikskólanum. Lögð er áhersla á að nálgast hvern og einn á þeirra forsendum og að starfsmenn varist að ganga of langt í forræðishyggju. Samvinna og lausnamiðuð hugsun er mikilvæg að mati stjórnenda, foreldrum er bent

⁸⁴ Viðtal við starfsmenn, 16.nóvember 2010.

⁸⁵ Rýnifundur nemenda, 16.nóvember 2010.

á foreldrafærninámskeið, unnið er með samskiptabækur, farið er yfir þátttöku barna með sérparfir í daglegu starfi og leikskólinn lánar börnum fatnað t.d. varðandi útiveru ef svo ber undir. Leikskólinn leitast einnig eftir því að tengja foreldra en betur í samskiptum ef á þarf að halda⁸⁷.

8.4. Samskipti við starfsfólk

Lögð er áhersla á að börn og starfsfólk tileinki sér ákveðin lífgildi sem leggja grunn á vellíðan einstaklingsins í samskiptum við aðra. Þeir þættir sem helst er verið að vinna með í samskiptum er dyggðanám / lífsleikni en það er mikilvægur hluti af daglegu starfi leikskólans en lögð er áhersla á að æfa ákveðna dyggð hverju sinni. Dyggðavísar eru gerðir með hverri dyggð sem unnið er með og eru þeir aðgengilegir foreldrum sem eru hvattir til að taka þátt í dyggðanámi barna sinna. Akrasel er vinaleiksóli og að mati deildarstjóra hefur það áhrif þegar að kemur að samskiptum milli einstaklinga⁸⁸. Að mati foreldra eru þeir vel upplýsti og áhugasamir um dyggðanámið og daglega liggja frammi upplýsingar um hvað verið sé að vinna að⁸⁹.

8.5. Mat úttektaraðila

- Fylgst er með líðan barna í skráningum og athugunum.
- Sérkennslustjóri kemur að málum sem kallar á frekari skráningu.
- Vinna má markvissara með möguleika barna á að hafa áhrif í leikskólastarfinu.
- Unnið er með dyggðanámi / lífsleikni á öllum deildum.
- Nokkur einsleitni er í leikskólanum, t.d. eru fá erlend börn og börn með sérparfir.

⁸⁷ Viðtal við skólastjórnendur, 16.nóvember 2010.

⁸⁸ Viðtal við deildarstjóra 16.nóvember 2010.

⁸⁹ Viðtal við foreldra, 16.nóvember 2010.

9. Foreldrar

Mikilvægt er að náíð samstarf og gagnkvæmt traust skapist á milli heimilis og leikskóla⁹⁰.

9.1. Foreldraráð

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi⁹¹. Á leikskólanum Garðaseli hefur verið skipað foreldraráð en í ráðinu sitja þrjú foreldrar. Foreldraráð leikskólans tók formlega til starfa á veturinn 2008-2009. Foreldraráðið fjallar um ýmis málefni leikskólans s.s. skóladagatal, námskrár og aðrar ákvarðanir er varða skólastarfið. Starfsreglur ráðsins liggja fyrir. Leikskólastjóri starfar með foreldraráði. Sérstök síða er á heimasíðu leikskólans um foreldraráðið, fulltrúa þess og fundargerðir og einnig fá foreldrar fundargerðir foreldraráðs sendar í tölvupósti. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Að mati foreldra er góður aðgangur að foreldraráði leikskólans og eru fundargerðir þess sendar á alla foreldra með tölvupósti⁹².

9.2. Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi á leikskólanum Garðaseli. Foreldrafélagið fundar eftir þörfum með leikskólastjóra þar sem viðburðir í leikskólastarfinu eru rædd. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum uppákomum og hefur verið öflugur stuðningur við starfið sem fram fer á leikskólanum. Leikskólastjóri ritar fundargerðir sem birtar eru á heimasíðu leikskólans og sendar foreldrum heim í tölvupósti. Starfsáætlun foreldrafélagsins er unnin að hausti ár hvert og birt á heimasíðu leikskólans en þar koma fram helstu áherslur þættir foreldrafélagsins fyrir skólaárið. Leikskólastjóri fundaði með foreldrafélagi fimm sinnum á skólaárinu 2009-2010.

9.3. Lýðræði og þátttaka

Foreldrar barna á leikskólanum Garðaseli eru ávallt velkomnir í leikskólann og eru þeir hvattir til að taka þátt í starfinu eins og kostur er. Þar má helst nefna foreldraráð, foreldrafélag leikskólans, foreldrafundi, hátíðir og skemmtanir sem foreldrum er boðið að taka þátt í og foreldrakaffi. Foreldrar koma einnig að mati á skólastarfinu en lagðar eru fyrir foreldra með reglulegum hætti viðhorfskannanir til að kann hug þeirra og ánægju með ýmsa þætti í leikskólastarfinu. Niðurstöður kannana eru birtar á heimasíðu leikskólans, sendar foreldrum í tölvupósti og sendar foreldraráði til upplýsinga. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum einnig tækifæri til að koma skoðunum sínum á leikskólastarfinu á framfæri.

⁹⁰ Aðalnámskrá 1999, bls. 30.

⁹¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr.

⁹² Viðtal við foreldra, 16.nóvember 2010.

9.4. Lýðræði

Að mati foreldra eru þeir vel upplýstir um starfemi leikskólans og telja sig geta haft áhrif óski þeir þess. Aðgerðaráætlanir, niðurstöður úr könnunum, námsáætlanir og fundargerðir eru sendar til allra foreldra og hvetur leikskólastjóri foreldra til að láta vita ef einhverjar athugasemdir eru. „Við höfum beðið um að börnin væru oftast úti og var það gert”⁹³.

9.5. Samskipti heimilis og leikskólans

Garðasel hefur að leiðarljósi að jákvæðni, samvinna, trúnaður og traust einkenni samstarf heimilis og skóla og byggir foreldrarsamstarf á þeim gildum. Með því að foreldrar og starfsfólk leikskólans mætist á þessum forsendum myndist góður grunnur fyrir öll þau mál sem snerta velferð barnanna. Í skólanámskrá og handbók leikskólans koma fram þau markmið sem leikskólinn hefur sett sér í foreldrasamstarfi en þar er helst fjallað um velferð barnanna, traust milli foreldra og starfsfólks, að foreldrar séu ánægðir, góð dagleg samskipti og gott upplýsingaflæði milli heimilis og skóla.

Við upphaf skólagöngu hvers barns er haldin kynningarfundur fyrir foreldra þar sem farið er yfir starfsemi leikskólans, afhent eru gögn með upplýsingum um innra starf ásamt öðrum handhægum upplýsingum. Aðlögun nýrra barna fer svo fram í samráði við foreldra en leikskólinn er að innleiða nýtt skipulag aðlögunar, þátttökuaðlögun, en þar er lögð áhersla á að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir á leikskólanum heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Foreldrar taka þátt í aðlögunarferlinu allan tímann en með því öðlast þeir skilning og öryggi fyrir dagskipulaginu og því innra starfi sem fram fer á leikskólanum. Þeir kynnast einnig kennurum, öðrum börnum og foreldrum. Kennarar leikskólans taka virkan þátt í aðlöguninni, reynt er að skipuleggja aðlögun þannig að sami starfsmaður fylgi barni og foreldri út aðlögunartímann, þeir skipuleggja daginn og útdeila verkefnum.

Gert er ráð fyrir tveimur foreldraviðtölum á hverju ári og oftast fyrir börn með sérþarfir. Í foreldraviðtölum er fjallað um líðan barns og samskipti, og farið er yfir skráningar úr heilsubók barnsins. Foreldrar geta hvenær sem er óskað eftir viðtali við leikskólastjóra, deildarstjóra eða hópstjóra og einnig getur leikskólinn kallað foreldra í viðtal ef þurfa þykir.

Leikskólinn leggur áherslu á gott upplýsingaflæði milli heimilis og skóla. Fréttabréf er gefið út sex til átta sinnum á ári, heimasíða leikskólans er uppfærð reglulega með fréttum af næstum öllu sem viðkemur starfi leikskólans. Deildir og deildarstjórar hafa netföng svo foreldrar geta sent þeim tölvupóst beint um allt það sem þeir vilja koma á

⁹³ Rýnihópur foreldra, 16.nóvember 2010.

framfæri, upplýsingatafla er í forstofum deilda og lögð er áhersla á dagleg samskipti milli kennara og foreldra. Skólinn gefur út skóladagadagatal Garðasels fyrir árið 2010-2011 og mánaðardagatöl þar sem fram koma helstu viðburðir skólaársins og hvers mánaðar fyrir sig. Viðhorfskannanir eru lagðar reglulega fyrir foreldra en þar er meðal annars spurt um ánægju foreldra með upplýsingaflæði frá leikskólanum. Helstu niðurstöður úr viðhorfskönnunum eru þær að 80% foreldra eru mjög ánægðir með leikskólann og 20% frekar ánægðir, sambærilegar niðurstöður eru með upplýsingaflæði, stefnu, samskipti ofl.

9.6 Mat úttektaraðila

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi, fundargerðir eru birtar á heimasíðu.
- Leikskólinn er opinn fyrir foreldra og eru þeir velkomnir hvenær sem er til að fylgjst með starfinu. Foreldraviðtöl fara fram reglulega.
- Þátttökuaðlögun hefur verið innleidd.
- Foreldrakannanir eru framkvæmdar reglulega og koma vel út.

10. Sérkennsla barna og Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins

10.1. Sérkennsla og sérþarfir barna

Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. (Aðalnámskrá leikskóla 1999, bls. 15.)

Á Garðaseli hefur sérkennslustjóri umsjón með allri sérkennslu og sérstuðningi á leikskólanum. Sérkennslustjóri sér um samskipti við sérfræðinga og foreldra og sinnir ráðgjöf vegna barna í sérkennslu inn á deildir. Garðasel hefur aðgang að talmeinafræðingi, sálfræðingi og iðjuþjálfu og koma þeir reglulega inn á leikskólann. Á hverju skólaári er sótt um stuðning fyrir þau börn sem á þurfa að halda en stuðningur fæst einungis með þeim börnum sem fengið hafa greiningu af viðurkenndum sérfræðingum. Við skipulag sérkennslu á leikskólanum er tekið mið að þörfum hvers barns og hagsmunir þess hafðir að leiðarljósi í nánú samráði við foreldra. Einstaklingsnámskrár og áætlanir eru gerðar fyrir börn sem njóta sérstuðnings í samráði við sérfræðinga, starfsfólk leikskólans og foreldra. Lögð er áhersla á að sérkennslan sé eðlilegur hluti af skólastarfinu. Hljóm-2 sem er próf/greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólans er lagt fyrir á hverjum vetri að fengnu leyfi foreldra og þau börn sem mælast með slaka eða mjög slaka færni fara í málörvunarhóp hjá sérkennslustjóra þar sem unnið er með hljóðkerfisvitund⁹⁴.

10.2. Eftirfylgni í framhaldi af greiningu.

Að mati sérkennslustjóra er eftirfylgni með börnum með sérþarfir í lagi á leikskólanum. Börnin eru skoðuð og leitað er til utanaðkomandi sérfræðiþjónustu ef þurfa þykir, settar eru upp einstaklingsnámskrár og námsáætlanir fram í tímann og árangur mældur að einhverjum tíma liðnum. Ef leitað er til Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins eru ákveðnar sérþarfir í forgangi⁹⁵.

10.3 Samstarf við heilsugæslu og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins.

Skólasálfræðingur, talmeinafræðingur og iðjuþjálfur koma einu sinni til tvisvar í mánuði inn á leikskólann og er foreldrum að kostnaðarlausu. Leikskólinn á einnig í samstarfi við sjúkráþjálfara ef á þarf að halda⁹⁶. Aðrir samstarfsaðilar vegna sérfræðiþjónustu eru helstir, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins, Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Vesturlandi, sálfræðingur og óvirkniteymi SHA. Garðasel á í góðu samstarfi við Heilsugæslu Akraneskaupstaðar. Skoðun 4 ára barna fer fram í leikskólanum og hefur það skilað góðum árangri og merkjanlegri fækkun í beiðnum eftir að skoðunin

⁹⁴ Gögn vegna úttektar október – desember 2010.

⁹⁵ Viðtal við sérkennslustjóra, 16.nóvember 2010.

⁹⁶ Gögn vegna úttektar október – desember 2010.

var færð inn í leikskólann. Foreldrar hafa einnig lýst ánægju sinni með þetta fyrirkomulag. Sérkennslustjórar Akraneskaupstaðar hafa með sér reglulegt samráð þar sem málefni sérkennslunnar eru rædd, kennslugögn, starfshættir og aðrar nálganir skoðaðar.

10.4. Mat úttektaraðila

- Á Garðaseli hefur sérkennslustjóri umsjón með sérkennslu og sérstuðningi.
- Sérkennslustjóri er í samvinnu við aðra sérfræðinga varðandi einstök mál.
- Garðasel hefur aðgang að talmeinafræðingi, sálfræðingi og iðjupjálfa
- Einstaklingsnámskrár og áætlanir eru gerðar fyrir börn með sérþarfir.
- Sérkennslustjórar á svæðinu hittast reglulega og samræma störf sín.
- Sveitarfélagið hefur sett sér stefnu í sérkennslumálum.
- Skoðun á heilsugæslu fer fram á leikskólanum.

11. Mat og eftirlit sveitarfélagsins

Sveitarfélögum er ætlað að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og fylgja eftir innra og ytra mati til umbóta í skólastarfi.⁹⁷

11.1. Áherslur sveitarfélagsins

Fjölskylduráð er kjörin af sveitarstjórn og fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Formaður fjölskylduráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess. Fjölskyldustofa heyrir undir fjölskylduráð. Framkvæmdastjóri Fjölskyldustofu Akraneskaupstaðar er yfirmaður leikskólastjóra Garðasels⁹⁸. Ekki hefur verið gefin út formleg skólastefna á vegum sveitarfélagsins en stefnt er að því að hefja vinnu við hana árið 2011.

Árið 1998 tók sveitarfélagið þá ákvörðun að reyna að auka hlut fagfólks inni á leikskólunum og var ófagmenntuðu starfsfólki leikskólanna boðið að sækja fjarnám án þess að glata launum. Á móti skuldbatt starfsfólkið sig til þess að klára námið. Ákvörðunin var tekin til fimm ára og markmiðið var að fjölga fagmenntuðum starfsmönnum þannig að tveir yrðu á hverri deild. Þegar markmiði og settum tímamörkum hafði verið náð dró sveitarfélagið úr fjárstuðningi. Sex leikskólakennarar frá Garðaseli tóku þátt í þessu verkefni.

Að mati framkvæmdastjóra Fjölskyldustofu, formanns fjölskylduráðs og verkefnastjóra fjölskyldustofu leggur sveitarfélagið áherslu á að hver leikskóli fylgi sinni sérstöðu. Þeir eru sammála um að gott sé að leikskólarnir séu ekki allir eins heldur sé fjölbreytni höfð að leiðarljósi og þá geti foreldrar haft val um stefnur og strauma í leikskólnámi barna sinna. Akraneskaupstaður hefur mótað sér stefnu um samstarf leik- og grunnskóla og hefur Garðasel verið móðurskóli frá upphafi. Einnig hefur bæjarfélagið mótað sér stefnu í málefnum barna með sérþarfir. Þegar hverjum leikskóla varð skylt að gera skólanámskrá veitti sveitarfélagið leikskólunum faglegan stuðning við gerð þeirra. Með útgáfu nýrrar aðalnámskrár leikskóla munu nýjar áherslur stíga inn í skólasamfélagið.

Að mati framkvæmdastjóra Fjölskyldustofu, formanns fjölskylduráðs og verkefnastjóra fjölskyldustofu hefur rekstur leikskólans gengið vel og ber bæjarfélagið fullt traust til skólastjórnenda að fylgja áætlunum eftir. Leikskólinn fékk t.d. viðurkenningu fyrir góðan rekstur frá bæjarfélaginu. Mikil ánægja er einnig með þá stefnu leikskólans að verða heilsuleikskóli. Faglegur stuðningur felst í fjárhagsáætlun og könnunum meðal starfsfólks og foreldra. Sérfræðipjónustan er miðlæg fyrir leik- og grunnskólana og heyrir beint undir fjölskyldustofu. Endurmenntun og

⁹⁷ Lög um leikskóla 90/20098, 19.gr.

⁹⁸ Handbók Garðasels, bls 9.

símenntunaráætlanir byggir á eigin frumkvæði leikskólanna. Akraneskaupstaður er með verkefnastyrk upp á 100 þúsund kr. sem leikskólarnir geta sótt í. Að mati framkvæmdastjóra Fjölskyldustofu, formanns fjölskylduráðs og verkefnastjóra fjölskyldustofu er Garðasel á réttri braut, heilsuleikskólar séu merkileg hreyfing og þeir trúa því að þetta eigi eftir að höfða til fleiri leikskóla⁹⁹.

11.2 Framkvæmd ytra mats og tengsl við sjálfsmat leikskólans

Sveitarfélagið gerir kannanir á starfsemi leikskólanna meðal foreldra og starfsmanna annað hvert ár. Garðasel hefur svo sitt eigið sjálfsmatskerfi. Leikskólastjóri gerir Fjölskyldustofu grein fyrir niðurstöðum kannana. Að mati framkvæmdastjóra fjölskyldustofu og fulltrúa sveitarfélagsins er sveitarfélaginu og leikskólunum lagðar miklar skyldur á herðar varðandi mat á skólastarfinu, aftur á móti séu fá verkfæri til að meta starfið. Bent er á að hlutur ráðuneytis sé rýr og þeir vísi á fátt. Sveitarfélagið hefur ekki komið að endurmati á skólanámsskrá leikskólans.

11.3 Mat úttektaraðila

- Ekki liggur fyrir skólastefna sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið hefur styrkt starfsmenn til náms, sex starfsmenn Garðasels nýttu sér styrkinn og útskrifuðust sem leikskólakennarar.
- Sveitarfélagið hefur mótað sér stefnu um samstarf leik- og grunnskóla og sérkennslu.
- Sveitarfélagið er ánægt með rekstur Garðasels og hefur leikskólinn fengið viðurkenningu fyrir góðan rekstur.
- Sveitarfélagið framkvæmir kannanir meðal foreldra og starfsmanna annað hvert ár.
- Auka mætti vægi símenntunar starfsmanna leikskóla á vegum sveitarfélagsins.

⁹⁹ Rýnifundur fjölskylduráðs, 16.nóvember 2010.

12. Niðurstöður

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum á úttekt á leikskólanum Garðaseli á Akranesi. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Aflað var upplýsinga með heimsóknum í leikskólann, viðtölum við stjórnendur og starfsmenn, í rýnihópi foreldra og rýnihópi barna, á fundi með fjölskylduráði og fulltrúum sveitarfélagsins.

Úttektin leiðir í ljós að á leikskólanum fer fram mjög faglegt starf. Leikskólinn uppfyllir kröfur aðalnámskrá um skólanámskrá, námssvið og námsþætti. Stjórnskipurit leikskólans er skýrt, verkaskipting skýr og meirihluti starfsmanna eru fagmenntaðir og með langan starfsaldur. Stefna, markmið og gildi leikskólans eru skýr og hefur skilað margvíslegum ávinningi. Leikskólinn hefur unnið að ýmsum þróunarverkefnum með góðum árangri. Kerfisbundið sjálfsmat er í skólanum, skólanámskrá leikskólans liggur fyrir en skólastefna sveitarfélagsins ekki. Aðgerðaáætlun tengd innra mati er til staðar. Samstarf við fræðslunefnd er mjög gott kemur hún að mati á skólastarfinu og viðhorfi foreldra og starfsmanna.

Höfundar telja að ákveðin áhætta geti verið fólgin í stöðnun varðandi verkferla í leikskólanum vegna langs starfsaldurs starfsmanna. Það er mat höfunda að með virkri upplýsingamiðlun, góðri stjórnun og stöðugri þróunarvinnu sé hægt að koma í veg fyrir stöðnun. Stjórnendur og starfsmenn þurfa að vera vakandi yfir þessum áhættuþætti, t.d. með stöðugri rýni ferla og gagna.

13. Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri

Í rýnihópum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, foreldrar, fulltrúar sveitarfélagsins spurðir út í styrkleikar, veikleika, ógnanir og tækifæri Garðasels. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila, ásamt niðurstöðumúttektaraðila.

Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
Stefnukort, markmið og gildi liggja fyrir	Skólafélag sveitarfélagsins liggur ekki fyrir	Þjóðfélagsástandið	Umhverfið, stutt í skógrækt og Langasand
Hátt hlutfall fagmenntaðra starfsmanna	Húsnæði lítið, hljóðvist og loftræsting, svefnaðstaða barna	Sparnaður sveitarfélagsins	Nálægð við Grundarskóla
Góð stjórnun og rekstur, skýrt skipurit og verkaskipting	Mætti vera meira flæði milli deilda	Frekari niðurskurður	Þróa frekar "Brúum bilið"
Lítill starfsmannavelta	Bara konur sem starfa í leikskólanum	Möguleg sameining leikskóla	Frekari þróunarverkefni
Heimasíða mjög virk og allir starfsmenn með netföng	Áhrif barna á leikskóla ekki sérstaklega skilgreind	Ferlar geta gleymst vegna lítillar starfsmannaveltu	Nýta fagmenntun starfsmanna
Hönnun á húsnæði	Einsleitir barnahópur		Umhverfisstefnan
Foreldraráð og foreldrafélag starfandi	Skortur á vinnufundum		Lítið samfélag
Þróunarstarf / skólaþróun virk	Niðurskurður sveitarfélagsins		Áhugasamir foreldrar
Heilsustefna og umhverfisstefna	Auka má rýni og útfærslu á hugmyndafræði leikskólans		Aukin áhrif barnanna
Skólanámskrá liggur fyrir og starfsfólk kom að gerð hennar og endurmati	Skilgreina má betur efnivið leikskólans		
Góður starfsandi og sveigjanleiki starfsmanna	Ekki liggur fyrir símenntunaráætlun		
Náms- og þroskaþætti skýrir og vel mótaðir	Auka má aðkomu barna í innra mati		
Starfsmenn bera ábyrgð á litlum hópum (námsáætlanagerð og foreldraviðtölum)			
Mikil skráning á ýmsum þáttum leikskólastarfsins			
Skýrar upplýsingar og handbækur um leikskólann			
Innra og ytra mat mjög gott			
Öryggismál í lagi			
Sérstakar deildarnámskrár fyrir árið			
Brúum bilið, samstarfsverkefni leik- og grunnskóla			
Dagskipulag skýrt			
Skýr stefna í sérkennslumálum, einstaklingsnámskrár			

14. Tillögur til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þarf leikskólinn að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

- Skólafélag Akraneskaupstaðar verði útbúin sem fyrst í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur.
- Vinnuferlar leikskólans ræddir reglulega og endurskoðaðir.
- Aukin verði þátttaka barna á mati á leikskólanum.
- Endurskoða skólanámskrá m.t.t. nýrra laga.
- Halda áfram með það góða starf sem fer fram á leikskólanum.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla, 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.

Ársskýrsla Garðasels 2008 – 2009.

Ársáætlun Garðasels 2010 – 2011.

Áttavitinn – Skólanámskrá Garðasels, 2009.

Erindisbréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Attentus, 8.október 2010.

Handbók Garðasels, 2009. Ingunn Ríkharðsdóttir leikskólastjóri.

Heimasíða Garðasels. <http://gardasel.is/>

Gögn vegna úttekta, október – desember 2010.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008.

Lög um leikskóla nr. 78/1994.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

Reglugerð nr. 365/2001 um breytingu á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

Stjórnendamat og starfsmannakönnun í leikskólanum Garðaseli vorið 2009. Fjölskyldustofa Akraneskaupsstaðar.

Viðauki - Dagskipulag

Tími	Starf
Kl: 7.30 – 9.00	Móttaka / Valtími
Kl: 8.00 – 8.55	Morgunmatur
Kl: 9.00 – 10.00	Hópastarf
Kl: 10.00	Morgunbiti / Ávaxtastund
Kl: 10.00 -11.30	Valtími, inni/úti
Kl: 11.30 -13.00	Hádegi / Samvera
Kl: 13.00 – 14.00	Valtími / Útivera
Kl: 14.00 – 15.00	Hópastarf
Kl: 15.00 – 17.00	Síðdegishressing / Valtími
Kl: 17.00	Leikskólinn lokar